



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

# GERÐARDÓMUR VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

TILGANGUR GERÐARDÓMSINS ER AÐ NÁ NIÐURSTÖÐU Í  
VIÐSKIPTADEILUM MEÐ SKJÓTUM OG ÖRUGGUM HÆTTI

STOFNAÐUR 1920

## KOSTIR GERÐARDÓMS

Gerðardómurinn er hlutlaus aðili sem leggur hlutlægt mat á úrlausnarefni. Hlutleysið er tryggt með skipun dómsins, jafnræðisreglu við framlagningu og skoðun gagna auk munnlegs málflutnings.

Málsmeðferð gerðardómsins á að öllu jöfnu að taka mun skemmri tíma en almennra dómstóla. Meginreglan er sú að dómur skal liggja fyrir eigi síðar en hálfu ári eftir að gerðarmenn eru tilnefndir en reynslan hefur sýnt að hægt er að koma máli í gegnum gerðardóminn á innan við mánuði.

Það gagnast málsaðilum að gerðarmenn/dómarar geta verið sérfróðir á ákveðnu sviði er snýr að ágreiningsefninu.

Gerðardómurinn er ekki opinber og því geta málsaðilar haldið ágreiningi sínum eða viðkvæmum málum leyndum.

Ótvírætt hagræði er að því að geta leitað til gerðardóms innanlands í stað þess að þurfa að reka gerðardómsmál erlendis.

## HVERJIR GETA SKOTIÐ MÁLUM TIL GERÐARDÓMS?

Gerðardómurinn sinnir jafnt málum félagsmanna og annarra og hvort sem í hlut eiga eingöngu innlendir aðilar, erlendir aðilar eða innlendir og erlendir aðilar. Ýmist semja aðilar um það fyrirfram að hugsanlegum ágreiningi varðandi viðskipti verði skotið til Gerðardóms Viðskiptaráðs eða semja sérstaklega um það eftir að ágreiningur kemur upp.

## HVERJIR ERU DÓMARAR?

Hafi ekki verið um annað samið eru gerðarmenn/dómarar þrír. Hvor málsaðili tilnefnir einn gerðarmann í dóminn og stjórn gerðardóms skipar dómsformann. Aðilum er heimilt að semja sérstaklega um skipan og fjölda gerðarmanna og geta því til að mynda samið um að eingöngu dómsformaður, skipaður af stjórninni, dæmi í málinu. Það er skilyrði að skipan gerðarmanns

feli ekki í sér bersýnilegt ójafnræði með málsaðilum.

Gerðarmenn skulu uppfylla tilteknar persónubundnar kröfur og þurfa að uppfylla sérstök hæfisskilyrði héraðsdómara.

## AÐFARARHÆFIR DÓMAR

Dómur Gerðardóms Viðskiptaráðs er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila og verður ekki borinn undir hina almennu dómstóla. Það sama gildir þegar sátt er gerð fyrir dóminum. Úrlausn gerðardómsins er aðfararhæf. Með því er átt við að aðili getur leitað til sýslumanns um fullnustu úrlausnar með aðfarargerð.

## MÁLSKOSTNAÐUR

Gerðarbeiðandi greiðir skrásetningargjald og einnig skulu málsaðilar leggja fram tryggingu hjá stjórninni, til greiðslu málskostnaðar áður en mál er tekið fyrir í dómi. Stjórnin getur ákveðið að falla frá greiðslu tryggingar eða sett viðbótartryggingu á hvaða stigi máls sem er. Dómurinn úrskurðar um málskostnaðargreiðslur, þóknun gerðarmanna og stjórnar dómsins.

## SAMNINGSÁKVÆÐI

Tillögur um orðalag ákvæðis í viðskiptasamningi, þar sem ágreiningi er vísað til Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands.

*Öllum ágreiningi sem kann að rísa vegna samnings þessa eða stofnunar hans, skal skotið til endanlegrar úrlausnar Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands og skal reglugerð fyrir gerðardóminn gilda um málsmeðferð. Ákvæði þetta ásamt reglugerðinni teljast gerðarsamningur milli undirritaðra samningsaðila.*

Aðilum er þó heimilt að leggja ágreining sinn fyrst í sáttaumleitun Viðskiptaráðs Íslands. Skal stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs þá tilnefna sáttamann, að höfðu samráði við aðila. Um sáttaumleitunina skal fara eftir samþykktum stjórnar Gerðardóms Viðskiptaráðs um sáttaumleitun.

Þótt ekki sé samið fyrirfram um gerðardómsúrlausn, er hægt að semja um slíkt eftir að ágreiningur er kominn upp. Í því tilfalli þarf eftirfarandi að koma fram:

1. *Ákvörðun um að Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands leysi úr ágreiningi.*
2. *Ákvörðun um að reglugerð Gerðardóms Viðskiptaráðs og samningur um gerðardóm myndi gerðarsamning.*
3. *Afmörkun á viðfangsefni dómsins.*
4. *Ákvörðun um að gerðarmenn ákveði málsmeðferð.*
5. *Ákvörðun um málsmeðferð ef útivist verður af hálfu annars aðilans.*
6. *Ákvörðun um eftir lögum hvaða lands skal farið við úrlausn ágreinings.*
7. *Ákvörðun um tungumál gerðardómsmeðferðar.*
8. *Ákvörðun um að gerðardómsúrlausn sé bindandi og endanleg og aðilar skuldbindi sig til að fara ekki með málið fyrir almenna dómstóla.*

All disputes arising in connection with the present contract shall be finally settled under the rules for The Court of Arbitration of the Iceland Chamber of Commerce, by an arbitral tribunal. This clause along with the rules of The Court shall be deemed as the arbitration agreement between the parties.

Viðskiptaráð Íslands býður aðilum aðstoð við að leysa viðskiptadeilur með sérstakri sáttamiðlun (e. mediation). Sáttamiðlun er aðferð til lausnar ágreiningi sem aðilar velja sjálfir að taka þátt í. Markmið sáttaviðræðna er að aðilar nái samkomulagi sem þeir eru sáttir við. Aðilarnir ákveða hvort þeir vilja ljúka málinu með samkomulagi og hvers efnis það samkomulag á að vera. Þeir geta hvenær sem er, allt þar til samkomulag liggur fyrir, hætt þátttöku.

## RÉTTARÁHRIF SÁTTAMIÐLUNNAR

Samningur, sem kemst á við sáttamiðlun, öðlast bindandi réttaráhrif sé hann skriflegur og undirritaður af aðilum eða fulltrúum aðila. Ekki skal leggja viðskiptadeilu fyrir dómstóla, gerðardóm, stjórnvöld eða annan viðlíkan úrskurðaraðila, meðan á sáttamiðlun stendur.

Ef viðskiptadeila, sem er lögð í sáttamiðlun, er til meðferðar hjá dómstólum, gerðardómi, stjórnvöldum eða viðlíkum úrskurðaraðila skulu aðilar óska þess að meðferð hennar verði ekki haldið áfram á meðan að sáttamiðlun stendur yfir.

## SÁTTAMIÐLUN FER FRAM Í ALGJÖRUM TRÚNAÐI

Með trúnaði er ekki einungis átt við þagnarskyldu sáttamanns um það sem fram kemur í sátttaferlinu, heldur þagnarskyldu aðila og skuldbindingu þeirra að ræða ekki um ágreiningsefnið við utanaðkomandi, nema samkomulag sé um annað þeirra í milli. Þagnarskyldan gildir einnig fyrir dómi og stjórnvöldum, að því marki sem lög heimila.

## SÁTTAMAÐUR

Sáttamaður skal vera hlutlaus og málefnalegur og verður að gæta þess að hans eigin skoðanir hafi ekki áhrif á lausn málsins. Sáttamaður má ekki hafa

áhrif á lausn málsins. Sáttamanni er óheimilt, án skriflegs samþykkis aðila, að upplýsa um nokkuð sem honum verður kunnugt um við sáttamiðlun og geta aðilar ekki leitt sáttamann sem vitni í einkamáli. Sáttamanni er óheimilt, án samþykkis aðila, að upplýsa gagnaðila um atriði sem honum hefur verið trúað fyrir við sáttamiðlun.

## **MUNUR Á SÁTTAMIÐLUN OG GERÐARDÓMSMÁLI/ DÓMSMÁLI**

Sáttamiðlun er mótað ferli sem, með tilstuðlaðan sáttamanns, á að skapa svigrúm fyrir opnari viðræðum aðila en t.d. í dómsmáli. Það er í verkahring sáttamanns að hafa yfirsýn yfir allt það sem fram kemur í viðræðum aðila og leiðsaga þeim af öryggi gegnum öll þrep sátttaferlisins. Í sáttaviðræðum þurfa báðir aðilar að vera virkir og tilbúnir til að leita nýrra leiða til úrlausnar og til að gefa eftir af upprunalegum kröfum sínum.

## **SAMNINGSAKVÆÐI**

Tillögur um orðalag ákvæðis í viðskiptasamningi.

*Aðilum er heimilt að leggja ágreining sinn fyrst í sátttaumleitun Viðskiptaráðs Íslands. Skal stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs þá tilnefna sáttamann, að höfðu samráði við aðila. Um sátttaumleitunina skal fara eftir samþykktum stjórnar Gerðardóms Viðskiptaráðs um sátttaumleitun.*

Ef samkomulag næst ekki milli aðila, fer ágreiningurinn fyrir Gerðardóm Viðskiptaráðs Íslands

# REGLUGERÐ FYRIR GERÐARDÓM VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

## 1. GR.

Innan vébanda Verslunarráðs Íslands starfar sjálfstæður gerðardómur sem nefnist Gerðardómur Verslunarráðs Íslands og gegnir því hlutverki að aðstoða við lausn viðskiptadeilu, sem upp er komin og málsaðilar hafa orðið ásáttir um að leggja fyrir hann. Samkomulag aðila þar að lútandi ásamt reglugerð þessari mynda gerðarsamning í skilningi laga um samningsbundna gerðardóma.

Stjórn Gerðardóms Verslunarráðs Íslands lætur í té upplýsingar varðandi gerðardómsmál, tilnefnir formann dóms og undirbýr mál þar til það er afhent fullskipuðum gerðardómi.

Stjórnin getur einnig tilnefnt einstaka gerðarmenn til að kveða upp dóma, séu málsaðilar ásáttir um það.

Stjórninni er heimilt að tilnefna sáttamann í stað gerðarmanns og setja sérstakar reglur og gjaldskrá um meðferð slíkra mála.

## 2. GR.

Stjórn Gerðardóms Verslunarráðs Íslands er skipuð þremur mönnum, sem stjórn Verslunarráðs Íslands skipar til þriggja ára í senn. Formaður stjórnarinnar skal uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara, annar meðstjórnandi skal vera starfandi lögmaður og hinn þriðji kunnur athafnamaður í viðskiptalífínu.

Stjórn Verslunarráðs Íslands skipar hverjum stjórnarmanni persónulegan varamann, sem uppfylli sömu skilyrði og aðalmaður.

Stjórn Verslunarráðs Íslands getur í sérstökum tilvikum þegar stjórnarmaður gerðardóms eða varamaður uppfyllir ekki lengur skilyrði 1. mgr. 10. gr. um gerðarmenn vikið honum frá. Slík frávikning skal vera rökstudd.

Ef stjórnarmaður eða varamaður hans lætur af störfum á kjörtímabilinu skipar stjórn Verslunarráðs Íslands annan í hans stað til loka kjörtímabilsins.

### 3. GR.

Tveir af stjórn gerðardóms mynda meirihluta. Ef meirihluti fæst ekki, ræður atkvæði formanns. Ákvarðanir stjórnar eru endanlegar og verða ekki endurskoðaðar af Verslunarráði Íslands.

### 4. GR.

Aðilum er heimilt að semja sérstaklega um skipan og fjölda gerðarmanna. Mál telst þó ekki dómþækt fyrir Gerðardómi Verslunarráðs nema einn gerðarmaður, dómsformaður, skipaður af stjórn gerðardómsins taki þátt í úrlausn máls og samningur aðila feli ekki í sér bersýnilegt ójafnræði með aðilum að mati stjórnar gerðardómsins.

Hafi ekki um annað verið samið skulu gerðarmenn í ágreiningsmáli vera þrír og skal hvor málsaðila tilnefna einn gerðarmann innan 10 virkra daga frá því krafa er sett fram um það með sannanlegum hætti af hálfu stjórnar gerðardómsins. Skal frestur þessi talinn frá því tímamarki sem krafa um tilnefningu berst viðkomandi aðila. Stjórn gerðardómsins tilnefnir einn og skal hann vera dómsformaður.

Ef gerðarmaður forfallast varanlega af einhverjum ástæðum skal sami aðili og tilnefndi hann í upphafi tilnefna annan í hans stað innan sömu tímamarka.

Fullnægi aðili ekki skyldum sínum samkvæmt gerðarsamningi um tilnefningu gerðarmanns innan ofangreindra tímamarka skal stjórnin tilnefna gerðarmann. Slík tilnefning er bindandi fyrir aðila.

### 5. GR.

Gerðarbeiðandi greiðir skrásetningargjald og einnig skulu málsaðilar leggja fram tryggingu hjá stjórninni, til greiðslu málskostnaðar áður en mál er tekið fyrir í dómi. Stjórnin getur ákveðið að falla frá greiðslu tryggingar eða að viðbótartrygging skuli sett á hvaða stigi máls sem er.

Stjórn gerðardómsins er heimilt að setja gjaldskrá þar sem kveðið er á um skráningargjald og upphæð annarra gjalda vegna málsmeðferðar fyrir gerðardóminum.

### 6. GR.

Krafa um úrlausn Gerðardóms Verslunarráðs Íslands skal vera skrifleg og afhendast skrifstofu Verslunarráðs Íslands.



Kröfu um úrlausn gerðardóms skal fylgja:

- a) Greiðsla á skrásetningargjaldi sbr. 5. gr.
- b) Nöfn og heimilisföng málsaðila.
- c) Greinargerð, þar sem málsatvik eru greinilega rakin.
- d) Ótvíræð kröfugerð.
- e) Eftirrit af samkomulagi, sem krafan er byggð á eða skriflega yfirlýsing frá málsaðilum þess efnis að þeir sætti sig við gerðardóminn og líti á dóm hans sem endanlega úrlausn ágreiningsefnisins.
- f) Tilnefning gerðarbeiðanda á gerðarmanni.

## 7. GR.

Stjórnin kannar hvort dómurinn hafi lögsögu í málinu og vísar því frá, sé svo ekki.

Komi greinargerð skv. c-lið 6. gr. frá báðum málsaðilum sameiginlega og í samræmi við samkomulag aðila um gerðardóm, skal stjórnin tilnefna gerðarmann án tafar.

Í öðrum tilvikum skal koma kröfunni á framfæri, án tafar, við varnaraðila með beiðni um svar, sem innihaldi:

- a) Skýlaust svar við kröfu sóknaraðila.
- b) Tilnefningu varnaraðila á gerðarmanni.

## 8. GR.

Að því loknu sem kveðið er á um í 5-7 gr. skal stjórnin ef hún telur dóminn eiga lögsögu:

- a) Tilnefna formann dómsins og ef nauðsynlegt er annan (aðra) gerðarmenn sbr. 4. gr.

- b) Ákveða dómsstað hafi málsaðilar ekki gert það.
- c) Ákveða upphæð tryggingarfjár og greiðslutíma.

Ákvarðanir þessar skal tilkynna málsaðilum.

## 9. GR.

Strax og gerðarmenn hafa verið tilnefndir og tryggingarfé innt af hendi vísar stjórnin málinu til dómsins.

## 10. GR.

Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð.

Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Formaður gerðardóms sker úr um hæfisskilyrði gerðarmanna. Taki nýr gerðarmaður við af öðrum, ákveður gerðardómurinn sjálfur hvort eða hver hluti málsmeðferðar, sem fram hefur farið, skuli endurtekinn.

## 11. GR.

Kröfur aðila fyrir gerðardómi skulu vera skýrar. Gerðarmenn skulu ávallt gefa aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefnið. Gæta skal jafnræðis milli málsaðila. Gerðardómi er heimilt að leiðbeina ólögglærðum málsaðila í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Gerðardómur skal gera sóknaraðila að staðfesta kröfu, með greinargerð er innihaldi:

- a) Kröfugerð.
- b) Málsatvik, málsástæður og lagarök.
- c) Tilvísun í sönnunargögn, sem sóknaraðili vísar til.

Þegar greinargerð sóknaraðila er fram komin skal hún kynnt varnaraðila og hann beðinn um vörn, sem innihaldi:

- a) Kröfugerð.
- b) Málsatvik, málsástæður og lagarök.
- c) Tilvísun í sönnunargögn, sem varnaraðili vísar til.

Gerðardómur ákveður tímafresti til að leggja fram greinargerð í vörn og sókn en miðað skal við að máli sé hraðað eins og unnt er. Leggi sóknaraðili ekki fram greinargerð innan settra tímamarka er gerðardómi heimilt að fella málið niður og kveða upp dóm um ómaksþóknun til varnaraðila og málskostnað vegna málsmeðferðar fyrir dóminum ásamt þóknun til stjórnar gerðardómsins. Leggi varnaraðili ekki fram greinargerð innan settra tímamarka er gerðardómi heimilt að taka málið til dóms, eftir atvikum eftir að hafa gefið sóknaraðila kost á að tjá sig efnislega um málið.

## 12. GR.

Með þeim takmörkunum sem reglugerð þessi og lög um sammingsbundna gerðardóma setja, ræður gerðardómur allri málsmeðferð, þar með taldar sáttumleitanir og frávísun.

Að fengnu álitni málsaðila skal málsmeðferð ákveðin án tafar, en aðalreglan er að fram fari munnlegur málflutningur. Gerðardómur setur tímamörk fyrir gagnasöfnun og málsmeðferð en frestir skulu ekki vera lengri en nauðsyn ber til.

Gerðardómur getur, sérstaklega á fyrri stigum máls, heimilað formanni gerðardóms að gera ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar framgangi máls.

Ef gerðardómur telur þörf á sérstöku mati gefur hann málsaðilum kost á að afla slíkra matsgerða.

## 13. GR.

Afl atkvæða í gerðardómi ræður úrslitum. Falli afkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

## 14. GR.

Dómur gerðardómsins skal kveðinn upp eigi síðar en hálfu ári eftir að dómarrar voru tilnefndir. Þó getur stjórn gerðardóms framlengt þann frest, að beiðni málsaðila, séu ríkar ástæður fyrir hendi að mati stjórnar.

**15. GR.**

Hluti ágreinings getur verið dæmdur sérstaklega óski málsaðilar þess.

Ef málsaðilar eru ekki á eitt sáttir um það hvort ágreiningi máls skuli skipt, getur gerðardómur heimilað skiptingu sakarefnis ef hann telur ríkar ástæður vera fyrir hendi.

**16. GR.**

Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr, rökstuddur og undirritaður af þeim gerðarmönnum sem að honum standa. Greiði gerðarmaður sératkvæði skal það vera rökstutt og fylgja dómi meirihluta gerðarmanna.

Gerðardómurinn skal dæma þóknun til stjórnar gerðardóms og til gerðarmanna, sem málsaðilar eru ábyrgir fyrir in solidum.

Gerðardómurinn skal einnig taka fram í dómi sínum hvaða upphæð málsaðili skuli greiða gagnaðila í málskostnað.

Hafi tekist sátt í ágreiningsmáli áður en dómur fellur getur gerðardómur engu að síður dæmt stjórn gerðardóms og gerðarmönnum hæfilega þóknun.

Hafi sátt tekist áður en gerðarmenn voru tilnefndir ákveður stjórn gerðardóms sjálf um þóknun sína.

**17. GR.**

Dómar gerðardóms eru trúnaðarmál og málalýktir dómsins sem og sættir málsaðila sem verða án þess að til uppkvaðningar dóms komi eru hvorki opinberir né aðgengilegir öðrum en málsaðilum, gerðarmönnum og stjórn gerðardóms.

Dóma gerðardóms og aðrar málalýktir skal þó, ásamt stuttri greinargerð, færa inn í sérstaka gerðabók. Gerðabók skal undirrituð í hvert sinn af öllum er úrskurðað hafa í málinu. Hver málsaðili á rétt á að fá staðfest endurrit af dómum gerðardómsins eða öðrum bókunum um málalýktir.

**18. GR.**

Dómur gerðardómsins eða sátt gerð fyrir honum eru bindandi fyrir málsaðila og aðfararhæfar. Heimilt er að leiðrétta ritvillur, reikningssekkjur, nafnssekkjur og aðrar bersýnilegar villur í dómi

eða annarri úrlausn, enda láti hann þá aðila sem fengið hafa endurrit dóms fá nýtt endurrit án tafar. Aðila er heimilt að krefjast leiðréttingar skv. 2. ml. í þrjá mánuði eftir að dómur er kveðinn upp eða sátt gerð.

### **19. GR.**

Sé ekki annað samþykkt af málsaðilum fer gerðin fram í Reykjavík.

Málsmeðferð fer fram á íslensku nema aðilar verði ásáttir um annað.

### **20. GR.**

Skrifstofa Verslunarráðs Íslands fer með fjárreiður gerðardómsins og reikningshald. Heimilt er að afhenda skrifstofunni öll þau gögn sem eiga að berast stjórn gerðardómsins eða gerðardómi í tilteknu máli sem trúnaðargögn. Þess skal gætt að öll gögn sem varða mál sem eru rekin fyrir gerðardóminum séu varðveitt í lokuðum hirslum. Trúnaðarskylda hvílir á þeim starfsmönnum Verslunarráðs Íslands sem hafa starfs síns vegna aðgang að slíkum gögnum.

### **21. GR.**

Breytingar á reglugerð þessari öðlast því aðeins gildi að þær séu samþykktar með 2/3 atkvæða á tveimur fundum í stjórn Verslunarráðs Íslands, sem haldnir eru í röð, og sé það dagskráratriði tekið fram í fundarboði beggja funda.

## SAMÞYKKTIR STJÓRNAR GERÐARDÓMS VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS UM SÁTTAMIÐLUN

### 1. GR.

Gildissvið o.fl.

Innan vébanda Viðskiptaráðs Íslands er starfrækt sérstök sáttamiðlun sem gegnir því hlutverki að aðstoða við lausn viðskiptadeilu sem upp er komin.

Sé samkomulag með aðilum deilumáls (hér eftir nefndir „aðilar“) um að óska eftir sáttamiðlun Viðskiptaráðs eða slíkt leiðir af viðskiptasamningi skulu fulltrúar aðila, stjórnar Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands og tilnefndur sáttamaður skrifa undir sérstakan samning þar að lútandi (samningur um framkvæmd sáttamiðlunar) í kjölfar greiðslu skráningargjalds og tilnefningar sáttamanns.

Samþykktir þessar skulu teljast hluti af samningi um sáttamiðlun sé ekki samið um annað.

### 2. GR.

Tilnefning sáttamanns.

Stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands tilnefnir sáttamann við sáttamiðlun að höfðu samráði við aðila.

Óski aðilar í sameiningu eftir skipun tiltekins sáttamanns er stjórninni jafnan rétt að verða við þeirri ósk.

### 3. GR.

Hlutverk og skyldur sáttamanns.

Sáttamaður skal vera hlutlaus og óvilhallur í störfum sínum.

Sáttamaður skal stuðla að því að aðilar nái samkomulagi um lausn deiluefnis sem þjónar hagsmunum og þörfum aðila.

Fari aðilar þess á leit er sáttamanni heimilt að gera tillögu að samkomulagi milli aðila. Við mótun

slíkrar tillögu skal sáttamaður leitast við að taka mið af hagsmunum og þörfum aðila.

#### 4. GR.

Málsmeðferð.

Sáttamiðlun, þ. á m. málsmeðferð, skal lúta stjórn tilnefnds sáttamanns.

Sáttamaður, að höfðu samráði við aðila, ákveður tilhögun málsmeðferðar, þ.m.t. tungumál málsmeðferðar.

#### 5. GR.

Fyrirsvar. Umboð.

Aðilar skulu tilkynna Viðskiptaráði Íslands og/eða sáttamanni fyrirfram hverjir verða fulltrúar þeirra við sáttamiðlun.

Fulltrúar aðila skulu hafa fullt umboð til þess að semja fyrir þeirra hönd. Sé ekki unnt að veita fulltrúum aðila fullt umboð skal stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands og/eða sáttamanni tilkynnt um slíkt fyrirfram.

#### 6. GR.

Söfnun upplýsinga.

Sáttamiðlun skal ekki tekin upp á hljóðband, myndband eða á viðlíkan hátt.

Ekki skal halda sérstaka fundargerð við sáttamiðlun.

#### 7. GR.

Lok sáttamiðlunar o.fl.

Sáttamiðlun lýkur komist á bindandi samningur milli aðila eða tímafrestur sem sáttamiðlun hefur verið sett rennur út.

Aðilum, hvorum um sig, er á öllum stigum sáttamiðlunar heimilt að draga sig út úr henni. Skal aðili þá tilkynna gagnaðila og sáttamanni skriflega um þá fyrirætlun sína.

Telji sáttamaður að sáttamiðlun sé bersýnilega tilgangslaus eða aðilar hlíta ekki fyrir mælum sáttamanns er honum rétt að rjúfa sáttamiðlun.

### **8. GR.**

Bindandi efni samnings.

Samningur, sem kemst á við sáttamiðlun, öðlast bindandi réttaráhrif sé hann skriflegur og undirritaður af fulltrúum aðila.

### **9. GR.**

Trúnaðarskylda aðila.

Aðila er óheimilt, án skriflegs samþykkis gagnaðila, að upplýsa um nokkuð sem honum verður kunnugt um við sáttamiðlun. Þagnarskyldan gildir einnig fyrir dómi og stjórnvöldum að því marki sem lög heimila.

Aðila er þó heimilt að upplýsa fyrir dómi um efni bindandi samnings sem kemst á við sáttamiðlun enda sé slíkt nauðsynlegt til þess að tryggja efndir hans.

Ákvæði þetta gildir ekki um upplýsingar sem eru þegar á almannavitorði.

### **10. GR.**

Trúnaðarskylda sáttamanns o.fl.

Sáttamanni er óheimilt, án skriflegs samþykkis aðila, að upplýsa um nokkuð sem honum verður kunnugt um við sáttamiðlun. Aðilar skuldbinda sig til þess að leiða ekki sáttamann sem vitni í einkamáli í þessu skyni. Sáttamanni er óheimilt, án samþykkis aðila, að upplýsa gagnaðila um atriði sem honum hefur verið trúað fyrir við sáttamiðlun.

Sáttamanni er óheimilt, án samþykkis aðila, að nota hvers konar upplýsingar, sem honum kann að hafa orðið kunnugt um í starfi sínu sem sáttamaður, í öðrum störfum sínum.

Ákvæði þetta gildir ekki um upplýsingar sem eru þegar á almannavitorði.

### **11. GR.**



Áhrif sáttamiðlunar o.fl.

Ekki skal leggja viðskiptadeilu fyrir dómstóla, gerðardóm, stjórnvöld eða annan viðlíkan úrskurðaraðila, meðan á sáttamiðlun stendur.

Ef viðskiptadeila, sem er lögð í sáttamiðlun, er til meðferðar hjá dómstólum, gerðardómi, stjórnvöldum eða viðlíkum úrskurðaraðila skulu aðilar óska þess að meðferð hennar verði ekki haldið áfram á meðan að sáttamiðlun stendur yfir.

## 12. GR.

Skráningargjald. Þóknun. Eigin málskostnaður.

Stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands ákveður skráningargjald vegna sáttamiðlunar og tryggingu vegna kostnaðar af sáttamiðlun sem setja skal áður en sáttamiðlun hefst.

Hvor aðili um sig skal bera sinn málskostnað við sáttamiðlun.

Kostnaður vegna sáttamanns skal borinn til helminga af aðilum og bera þeir sameiginlega ábyrgð á greiðslu þóknunar sáttamanns.

Fari aðilar þess á leit er sáttamanni heimilt að gera tillögu að skiptingu kostnaðar milli aðila samkvæmt 2. og 3. mgr. Við mótun slíkrar tillögu skal sáttamaður leitast við að taka mið af endanlegu samkomulagi aðila.

## 13. GR.

Skaðabótaskylda.

Viðskiptaráð Íslands er ekki skaðabótaskyلت vegna tjóns sem kann að leiða af störfum sáttamanns í tengslum við sáttamiðlun.

## 14. GR.

Lausn deilumála.

Deilumál sem kunna að rísa við sáttamiðlun skal leggja fyrir stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands.



VÍSKIPTARÁÐ ISLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE